

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 251/1992, um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum, áfengisgjald, tóbaksgjald o. fl. með áorðnum breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 1. mgr. 2. gr. A.:

Þar sem segir í töflu: „Áfengi 22-50% að styrkleika“, standi: Áfengi yfir 22% styrkleika.

2. gr.

Reglugerð þessi, er sett samkvæmt heimild í 4. og 5. tl. 5. gr. og 20. tl. 6. gr. tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, og 3. mgr. 1. gr. laga nr. 63/1969, um verslun með áfengi og tóbak, með áorðnum breytingum, til að öðlast gildi nú þegar.

Fjármálaráðuneytinu, 15. mars 1996.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Margrét Gunnlaugsdóttir.

14. mars 1996

Nr. 161

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá
Hitaveitu Laugaráss, Laugarási, Biskupstungum.**

Samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Laugaráss, Laugarási, Biskupstungum, er taki gildi 1. mars 1996.

Gjaldskrá Hitaveitu Laugaráss, Laugarási, Biskupstungum, nr. 637 7. desember 1994:

5. gr.

Gjöld fyrir dreifingu heita vatnsins eru sem hér segir:

Garðyrkjustöðvar verður kr. 90,00 var kr. 112,00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

Íbúðarhús og önnur hús, sem ekki eru tilgreind annars staðar verður kr. 545,00 var kr. 619,00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

Íónaðarhús verður kr. 231,00 var kr. 289,00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

Gjaldskráin verður að öðru leyti óbreytt.

Iónaðaráðuneytinu, 14. mars 1996.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarmann.